Skógrækt Ríkisins
Suðurlandi.

# Ársskýrsla 1995

Böðvar Guðmundsson

# Ársskýrsla Skógarvaraðarins á Suðurlandi 1995.

## Efnisyfirlit:

Síða:

3. Efnisyfirlit
4. Veðurfar, vöxtur og þrif trjágróðurs.
5. Starfsfólk.
6. Girðingar, Skógarhögg.
7. Jólatré.
9. Sölulisti jólatrjáa.
10.. Grisjun.
11 Landvinnsla / Jarðvinnsla. Landgræðsla.
12. Gróðursetning.
13. Gróðursetningartafla fyrir Þjórsárdal.
13A - 13F. Gróðursetningarkort fyrir Þjórsárdal.
14. Gróðursetningartafala fyrir Haukadal
14A - 14D Gróðursetningarkort fyrir Haukadal.
15. Gróðrusetningartafala fyrir Mosfell.
14. A Gróðursetningarkort fyrir Mosfell
16. Hirðing gróðursetninga
17. Hirðingarskema fyrir Þjórsárdal.
18. - - Haukadal
18 A - D. Hirðingarkort fyrir Haukadal.
19. Hirðingarskema fyrir Mosfell.
19 A. Áburðarkort fyrir Mosfell.
20. Byggingar Vélar og Verkfæri.
21. Fjárhagsyfirlit Suðurlandsdeildar 1995.
22. Ymislegt: ferðafólk, gestir í heimsókn
23. Ferðalög starfsmanna.

Viðauki 1. 6 síður Skógardagur í Haukadal.
Viðauki 2. 1 síða Viðurkenningarskjal, Námskeið í skógarhöggstækni.
Viðauki 3. 1 síða. Námskeið skógarbænda.

## 1. Veðurfar ársins.

Janúar: Fram til 20 jan væg frost. Snjór ekki mikill. Bloti 20 - 25 jan.
25-mán. loka vægt frost.
Feb. Fyrstu dagar febrúar kaldir. 1/2 = 13 gráðu frost. Annars skiptast á blotar og frost. Töluverð snjókoma þann 26 feb.
Marz. Frostlítill og hægviðrasamur með tilheyrandi blotum.
April Ekkert skrifað í dagbók. Líklega tíðindalítill mánuður.
Maí. frá 10 maí stendur í dagbók: Sól og norðanátt 6-7 stiga hiti. 18 maí mælist hiti í Þjórsárdal 18 gráður, 14 gráður á Selfossi
Júní Hægviðrasamur og hagstæður til gróðursetningar.
Júlí. Hagstæður.
Ágúst Mjög rigningarsamur.
Sept. Tiltölulega hlýr. Engin frost.

Okt. Hlýr. Veður blíð. Engin frost.
Nov. Þurrviðrasamur. Hagstætt veður til jólatrjáahöggs. Lítið um frost.
Des. Frostlítill, utan kafla kringum jól. Síðustu dagar des frostlausir.

**2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.**

2.1. Laufgun og lauffall.
Laufgun ekki skráð sérstaklega, en var á eðlilegum tíma kringum mánaðarmót maí/júní.
Lauffall í seinna lagi vegna blíðra veðra og hás hitastigs í oktober.

2.2. Vöxtur.
Vöxtur trjáa í meðallagi.

2.3. Fræfall.
Lítið um fræ. Engu safnað hjá Deild 81. Tveimur pokum af Stafafurukönglum safnað á Snæfoksstöðum í Grímsnesi af félögum í Skf. Selfoss.

2.4. Skaðar.
Litlir skaðar áberandi á trjágróðri almennt. Nefna má þó allmikið snjóbrot á rauðgreni í Haukadal vestan við furubeltið "Orminn langa".

**3. Starfsfólk.**

| **Kennitala** | | | |
|---|---|---|---|
| 161055-3369 | Ásbjörn Sigurðsson | Réttarholt 1 | Selfossi |
| 141167-3169 | Bergur Þ Björnsson | Skriðufelli | Gnúp. |
| 201063-3419 | Bjarni Haraldsson | St-Mástungu | Gnúp |
| 070866-4639 | Björgvin Eggertsson | Baugstjörn 9 | Selfossi |
| 191276-5669 | Eygerður Þorsteinsd | Syðri Sýrlæk | Gaulv.b.hr |
| 090460-4639 | Friðrik S Þórarinnss | Smáratúni | Selfossi |
| 090179-5199 | Guðm Á Böðvarsson | Sigtún 9 | Selfossi |
| 280673-5289 | Guðm.Jóhannesson | Hrygg | Hraung.hr. |
| 311275-3489 | Hafsteinn Þorsteins | Vatnsholti ll | Vill.h.hr |
| 290176-5309 | Halldór Bjarnason | Baugstjörn 18 | Selfossi |
| 290578-2999 | Jón Garðar Helgason | Sigtún 17 | Selfossi |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 161232-6029 | Knútur Jóhannesson | Haga | Gnúp |
| 021148-3349 | Magnea Bjarnad | Sigtún 9 | Selfossi |
| 231176-5439 | Orri Örn Árnason | Sæviðarsund 25 | Reykjavík |
| 100974-4799 | Óðinn Valdemarss | Fossheiði 54 | Selfossi. |
| 130265-5969 | Vilborg Eiríksdóttir | Baugstjörn 9 | Selfossi |
| 200749-3679 | Böðvar Guðmundss | Sigtún 9 | Selfossi. |

Eru þetta 17 manns sem unnu að einhverju ráði. Auk þessarra komu til starfa tímabundið 5 manns úr atvinnuátaksflokki Selfossbæjar, er hjálpuðu til við gróðursetningu í Haukadal en fóru síðan til Landgræðslu Ríkisins í verkefni á Haukadalsheiði, aðallega við plöntun lúpínu.

Í júlí fengum við 13 manna flokk frá Sjálfboðaliðasamtökunum, sem unnu við stígagerð í Svartagili og Svartagilshvammi. Fengum við þar að sjá fagmenn að verki.
Eins og undanfarin ár eru aðeins 3 menn fastráðnir allt árið: Böðvar, Friðrik og Björgvin. **Um mötuneytin sáu: Þjórsárdalur:** Magnea Bjarnadóttir, **Haukadalur:**
Vilborg Eiríksdóttir. Afar mikið var að snúast í mötuneytinu í Haukadal, þar sem 6 manna flokkur Landgræðslunnar var þar í fæði auk heimamanna. Er eldhúsið ekki hannað fyrir svo margt fólk og þyrfti að umbylta því til að anna svo mörgu fólki í fæði svo vel sé.

## 4. Girðingar.

### 4.1. Viðhald.

**4.1.1. Þjórsárdalur**: Um viðhald sá Knútur Jóhannesson frá Haga í Gnúp. Um girðinguna er lítið að segja. Ákveðnir kaflar eru lélegir og búnir að vera það í mörg ár. Reynt er að endurbæta eftir föngum.

**4.1.2. Haukadalur:** Knútur sá um viðhald. Vesturkantur harla dapur á köflum.

**4.1.3. Mosfell:** Venjulegt viðhald. Fjárlaust að mestu.

**4.1.4. Hrífunes:** Sigurgeir Gíslason í Flögu sá um viðhald.

**4.1.5. Kirkjubæjarklaustur:** Viðhald Einar Bjarnason í Dalbæ.

**4.1.6. Laugarvatn:** Viðhald Knútur. Vantar að hirða upp gamlar girð.dræsur.

**4.1.7. Þórsmörk:** Landgræðslan sér um girðingar þar.

**4.2. Nýjar girðingar: Engar á árinu.**

**5. Skógarhögg.**

**5.1. Viður:** Minna var unnið að viðarvinnslu en ætlað var. Um áramót 95/96 er til efni í 300 girðingarstaura sem kom úr grisjun á furureit í Skarfanesi. Eftir á að vinna efnið. Ca 150 staurar voru teknir úr fúavörn vorið 1995 og eru ennþá óseldir.

Nokkuð var notað af viði úr Haukadal við byggingu salernishúss sem sett var upp í Haukadal í júlí. Klæðning hússins er öll úr sitkagreni úr grisjunarvið frá 1994, er Copper River Valley reitirnir voru grisjaðir. Klæðningarborðin eru ókantskorin og fæst þar með nokkuð aukið nýtingarhlutfall úr bolviðnum. Fer þetta vel á húsinu. Einnig voru smíðuð setborð út greninu, einnig út ókantskornum við.

**5.3. Grisjun.**

**Skarfanes:** Unnið var við grisjun í furureit nr 1225. Þar var plantað árið 1965 kvæmunum Alberta, Wansa Lake og Skagway, alls 13900 plöntum. Meðalhæð þessarra trjáa er nú ca 5 metrar (ágiskun). Albertakvæmið var sýnu verst farið og náðist nánast enginn nýtanlegur viður úr þeim reit.Ekki var mjög áberandi munur á viðnum af Wansa Lake furunni og þeirri frá Skagway, þótt heldur sé meira um grófkvistaða einstaklinga frá Skagway. Unnið var við grisjunina í oktober og viðurinn kappaður niður í girðingarstaura. Ekið var jafn óðum með hann upp í Þjórsárdal þar sem staurarnir verða unnir.

**Holtsdalur á Síðu.**

Starfsmenn frá D81 voru fengnir til að grisja gamla sitkagrenið innst í Holtsdal sem nú er í eigu Seðlabanka Íslands. Var verkið unnið í júní.

**Námskeið í grisjun og umhirðu keðjusaga.**

Námskeið var haldið fyrir starfsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur og Hafnarfjarðar snemma í april og fyrir starfsmenn skógræktar Ríkisins í Hvammi í Skorradal síðast í marz. Skúli Björnsson á Hallormstað og Böðvar Guðm. unnu efni fyrir námskeiðin. Þýddir voru tveir bæklingar úr norsku; Umhirða og viðhald keðjusaga og Skógarhöggstækni. Námskeiðin tóku 3 daga og var farið í gegnum keðjusagamótora og viðgerðir á þeim, öryggisreglur og teknar æfingar í skógi hvað varðar tækni við skógarhögg.

Síðla árs voru svo haldin námskeið fyrir nemendur í Garðyrkjuskóla Ríkisins og voru Snæfoksstaðir í Grímsnesi notaðir fyrir æfingasvæði.

## 6. Landvinnsla / Jarðvinnsla.
(undirbúningur lands til gróðursetninga).

**6.1. Þurrlendisjarðvinnsla:** Unnið á svipuðum slóðum og 1994, þ.e í Sandfellshlíðum í Haukadal og í Mosfelli með TTS herfinu. Örlítið var unnið í Þjórsárdal; í og við Stórhól í Ásólfstaðafjalli.

**6.2. Votlendisjarðvinnsla:** Mosfell: Unnið var í nokkrum stykkjum með TTS herfinu. Þau eru: 297g, 359, 407a+b, 355.
Með Markhúsarplógi var unnið í eftirtöldum reitum í Mosfelli:........................

**6.3. Landgræðsla:**
Við skoðun á árangri lúpínufræssáningarinnar í Þjórsárdal frá 1994 kemur eftirfarandi í ljós:

Fræ hefur spírað illa á Vikrunum í Þjórsárdal. Helst má fynna plöntur þar sem fræ hefur fallið í grjóthóla og þar sem fokvikur er ekki þykkur. Á stórum svæðum, sérstaklega þar sem fokvikur er í miklu magni hefur lítið sem ekkert spírað ennþá. Fræ getur legið í dvala einhver ár, því er varasamt að dæma sáninguna úr leik strax eftir tvö sumur. Líklegt er þó að planta þurfi lúpínu á erfiðustu svæðin. -- Nefna má tvær ástæður fyrir lélegum árangri sem líklegar: þurrviðrasamt var sumarið 1994, og einnig hefur komið í ljós að fræið sem notað var var heldur lélegt.

Atvinnuátaksflokkur frá Selfossbæ var við störf fyrir Skógræktina í 2 vikur og starfaði í Mosfelli og Haukadal, en var síðan færður yfir til Landgræðslunnar og vann við lúpínuplöntun á Haukadalsheiði. Flokkurinn var til húsa og í fæði í Haukadal. Landgræðsluflokkur Aðalsteins Steinþórssonar var í fæði í mötuneyti Skógræktarinnar í Haukadal.

**Skarfanes:** Landgræðsla Ríkisins var með nokkra tilburði til aðgerða í landi Skarfaness bæði austan og vestan girðingar austan við gróðurtorfurnar tvær norður við Þjórsá. Sandskafl sem á upptök sín við Þjórsá veldur mestu um það sandfok sem á sér stað fram á gróðurlendið í Skarfanesi. Baggar voru settir á sandskaflinn og sáð þar tungvingli og melgresi. Einnig var sáð tunglvingli austan og vestan girðingarinnar þar í nágrenninu. Sáð var í rákir með 50 m . millibili. Borið var á eldri gróðursetningar.

**7. Gróðursetning.**

Á næstu síðum kemur fram í töfluformi gróðursetning Skógræktar Ríkisins á Suðurlandi 1995. Á töflunum kemur fram Tegund, kvæmi, aldur, frænúmer, framleiðslustöð, reitanúmer og fjöldi plantna í hverjum reit ásamt upplýsingum um ýmsar sértækar aðgerðir varðandi plöntunina s.s. áburðargjöf, ástand plantna, hvort plantað hafi verið í jarðunnið land eða ekki o.s.frv.

Kort yfir gróðursetningar fylgja með fyrir Þjórsárdal, Haukadal og Mosfell.

Efnisyfirlit:


Gróðursetningar í Þjórsárdal, tafla ............................ síða 13
kort................................síða 13A- 13F

Gróðursetningar í Haukadal, tafla................................síða 14
kort................................síða 14A - 14D

Gróðursetningar í Mosfelli, tafla................................síða 15
kort................................síða 15A

## Gróðursetning hjá Skógrækt Ríkisins Suðurlandi 1995

**Þjórsárdalur**

| Tegund | Kvæmi | Aldur | Frænr | ST | Fjöldi | Reitur | Ath | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fagurvíð. | ? | | | T | 10 | 2210 | Vatnsgil við Kyrrþey | | |
| | | | | | 3 | 2204 | Austan við Lóþræl | | |
| Al. Víðir | Gústa | 0/1 fp35 | | T | 420 | 3019 | Vor í Dal | v.veg að tjaldst. | |
| | | | | | 1105 | 2713A | Moldarás. Skjólbelti | | |
| Al. Víðir | Hríma | 0/1 fp35 | | T | 300 | 2713 A | Moldarás sunnan nyrsta klettsins | | |
| Jörvav. | Cordova | 0/1 fp35 | | T | 300 | 2713 A | Moldarás. Pl.í bland við Hrímu | | |
| Blæölur | Kasilof | 0/1 fp35 | 94005 | T | 6 | 2713 A | Moldarás. Merkt á korti ölur | | |
| Sitkaölur | Kasilof | 0/1 fp35 | 94005 | T | 30 | 2713 A | Moldarás. Merkt á korti ölur. | | |
| Steinbirki | Múlakot | 2/0 fp40 | | T | 100 | 2051 | Ásólfstaðafjall | | |
| Blágreni | Blue Joint | 2/0 fp40 | 920020 | H | 280 | 3325C | Selh.Þrengslagil | | |
| | | | | | 640 | 2434E | Fagurhóll | | |
| Blágreni | Carson | 2/0 fp40 | 890003 | H | 480 | 3325C | Selh.Þrengslagil | | |
| R.Lerki | Lassina | 1/0 fp67 | 940006 | Barri | 360 | 2270 | Innri hl.reits. Borið á allar pl. | | |
| | | | | | 240 | 2276 A | Innri hl.reits. Borið á allar pl. | | |
| R. Lerki | Lassima | 2/0 fp40 | 930031 | V | 760 | 2434 H | Fagurhóll. Í bröttu hlíðina. | | |
| | | | | | 1580 | 2270 | Seljatungur. Innri hl. reits. Borið á pl. | | |
| | | | | | 1060 | 2276 A | do | do | do |
| Birki | Tumast. | 2/0 fp40 | 920023 | T | 1000 | 2285B | Seljatunga. Borið á plönturnar | Blákorn á allar pl. | |
| | | | | | 850 | 2288B | Seljatunga | Blákorn | |
| Fjallaþ | Ethel Lake | 2/4 br | 890018 | V | 1830 | 3325C | Selh. Þrengslagil | Jólatré | Blák. |
| Fjallaþ | Ethel Lake | 2/4 br | 88028 | V | 950 | 3325C | Selh. Þrengslagil | Jólatré | Blák. |
| Al. Ösp | Brekkan | 0/1 fp35 | | T | 455 | 3325C | Selh. Þrengslagil | Skjólbelti | Blák. |
| | | | | | 2521 | 1016 | Hagafjall. Pl. í lægðir | | Blák. |
| Stafafura | ÞDx Skagw | 0/6 br | Móa | Þd. | 65 | 2302 | V.enda RL. Rovaniemi Ófeigshöfðagil | | |
| | | (sáð upphaflega af Móu ) | | | 30 | 2411 | V.enda asparinnar í 2302 | | |
| Rauðgr. | Drevja | 2/0 fp40 | 880022 | T | 1050 | 1946 | Ásólfst. fjall | Jólatré | |
| | | | | | 950 | 1948A +B | Ásólfst. fjall | Jólatré. | |
| | **Samtals Þjórsárdalur:** | | | | **17375** | | | | |

# Gróðursetning hjá Skógrækt Ríkisins Suðurlandi 1995

| Haukadalur | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | **Kvæmi** | **Aldur** | **Frænr** | **ST** | **Fjöldi** | **Reitur** | **Ath** | | | | | |
| Rauðgr. | Rana | | 832127 | V | 750 | 3073 | 20-Jun | | | | | |
| Sitkagr. | Selfoss | 2/0 fp4o | | T | 480 | 4021 | 15-Aug | | | | | |
| | | | | | 1000 | 6401 | 17-Aug | Hér gæti verið blágr. innanum | | | | |
| Sitkagr. | Tumast. | 1/0 fp40 | 910035 | T | 3390 | 6453A-C | R 6454A | **Tilraun** | Aðalsteinn og Snorri Bald | | | |
| Blágreni | Cars. NF | 2/4 br | 890003 | V | 1041 | 3073 | 20-Jun | | | | | |
| | | | | | 2179 | 943 | 22-Jun | Bryggjuskógur | | | | |
| Blágreni | Rio Gr. | 2/0 fp40 | 920004 | H | 880 | 1092 | 26-Jun | Bryggjuskógur | | | | |
| | | | | | 120 | 6051 | 29-Jun | Stekkjartún | | | | |
| | | | | | 160 | 7035 | 31-Jul | Bryggjumýri | | | | |
| | | | | | 400 | 7036 | 31-Jul | Bryggjumýri | | | | |
| | | | | | 520 | 4024 | 15-Aug | Bryggjumýri | | | | |
| Blágreni | Blue Joint | 2/0 fp40 | 900020 | | 200 | 943 | 22-Jun | Bryggjuskógur | | | | |
| | | | | | 3880 | 1091 | 21-26/6 | Bryggjuskógur | | | | |
| Stafafura | Tutsy Lake | 2/0 fp35 | | | 105 | 943 | | Bryggjuskógaur | | Afgangur frá Sigvalda úr tilr. | | |
| Stafafura | Taraldsöy | 2/0 fp35 | | | 105 | 943 | | Bryggjuskógur | | Afg. frá Sigvalda úr tilr. | | |
| Stafafura | Skagway | 2/0 fp40 | | Mörk | 240 | 943 | 31-Jul | Bryggjuskógur | | Afg. frá Sigvalda úr tilr. | | |
| Stafafura | Taraldsöy | 1/0 fp40 | 930028 | T | 40 | 7036 | 31-Jul | Bryggjumýri | | | | |
| | | | | | 360 | 7055 | 31-Jul | Hrísamýri | | 50% á móti ösp. | | |
| | | | | | 360 | 1091 | | Bryggjumýri | | | | |
| Rússal. | Imatra | 1/0 fp67 | 920007 | H | 4817 | R6453A-C , 6454A, | | Tilr. Skyggnisflatir : Aðalsteinn og Snorri | | | | |
| | | | | | | 6454A og 6453B | | Tilr. Skyggnisfaltir: Guðmundur Halldórsson | | | | |
| Rússal. | Lassima | 1/0 fp40 | 930031 | V | 1600 | 6450 | Annar kassi fyrir neðan | | | Tvær rásir eftir | | pl.23/6 |
| Al.Ösp | Brekkan | 1/0 fp35 | | T | 105 | 941 | Melhóll | | 27-Jun | | | |
| | | | | | 315 | 1092 | Bryggjuskógur | | 27-Jun | | | |
| | | | | | 770 | 1091 | Bryggjuskógur | | 26-Jun | | | |
| | | | | | 140 | 943 | Bryggjuskógur | | 26-Jun | | | |
| | | | | | 70 | 946 | Í gilið | | 26-Jun | | | |
| | | | | | 245 | 7055 | Hrísamýri | | 31-Jul | 50% á móti stafafuru | | |
| | | | | | 105 | 7035 | Bryggjumýri | | 31-Jul | Suppl í greni | | |
| | | | | | 280 | 7036 | Bryggjumýri | | 31-Jul | Suppl í greni | | |
| | | | | | 175 | 7037 | Bryggjumýri | | 31-Jul | Suppl í greni | | |
| | | | | | 105 | 500 | Skjólbelti u. girð | | 31-Jul | | | |
| | | | | | 140 | 500 | Vest. túns u. girð | | 01-Aug | | | |
| | | | | | 70 | 500 | Laugaheiði við Beiná n.Hvítamel | | | | 14-Aug | |
| Al. Víðir | Jörva | 1/0 fp35 | | T | 280 | 4606 | Bætt í skjólbelti | | 31-Jul | | | |
| Al. Víðir | Hreggst. | 1/0 fp35 | | T | 280 | 4606 | Bætt í skjólbelti | | 31-Jul | | | |
| Al. Víðir | ? | 1/0 fp35 | | T | 210 | 4606 | Bætt í skjólbelti | | 31-Jul | | | |
| Bet.plat. | Milkova | 1/0 fp35 | 93-135 | T | 70 | 6051 | Merkt rás | | júlí | | | |
| Bet. erm. | Zhugano | 1/0 fp35 | 93-175 | T | 70 | 6051 | Merkt rás austast | | júlí | | | |
| Bet. erm. | Paratumk | 1/0 fp35 | 93-010 | T | 70 | 6051 | Merkt rás | | júlí | | | |
| Steinbj. | Múlakot | 2/0 fpj40 | | T | 80 | 6051 | Merkt rás | | júlí | | | |
| | | | | | 40 | 500 | Laugaheiði s. Hvítamels | | | 14-Aug | | |
| Birki | Þórsmörk | 1/0 fp67 | | Br | 804 | 500 | Laugaheiði | | 01-Aug | | | |
| | | | | | 4700 | 6454A 6453A+C | | Tilr. Aðalsteinn og Snorri | | | | |
| | | | | | | 6454A & 6453B | | Tilr. Guðm. Halldórsson | | | | |
| Blæölur | Kasilof | 1/0 fp35 | 94005 | T | 35 | 6051 | Merkt rás | | júlí | | | |
| Sitkaölur | Kasilof | 1/0 fp35 | 94005 | T | 70 | 6051 | Merkt rás | | júlí | | | |
| | | | | | | | | | | | | |

| Samtals í Haukadal 1995 | | | | | 31856 | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Gróðursetning hjá Skógrækt Ríkisins Suðurlandi 1995** | | | | | | | | | | | |
| **Mosfell** | | | | | | | | | | | |
| **Tegund** | **Kvæmi** | **Aldur** | **Frænr** | **ST** | **Fjöldi** | **Reitur** | **Ath** | | | | |
| Sitkagr. | Turn | 1/0 fp40 | 910035 | T | 3360 | 461F, 463D, 461E, 462C | | | **Tilr.** | Aðalsteinn og Snorri | |
| Blágreni | Carson NF | 2/0 fp40 | 890003 | H | 6280 | 297 H+I+D | | 13-14/6 | | | |
| | | | | | 4760 | 297D+E+F | | | | | |
| Blágreni | Blue Joint | 2/0 fp40 | 920020 | H | 920 | 297H+I+D | | 13-14/6 | | | |
| Stafafura | Taraldsöy | 1/0 fp40 | 930028 | T | 360 | 302A | Einbúi | | | | |
| Rússal. | Imatra | 1/0 fp67 | 920007 | H | 4861 | 461C+F, 462C, 463D | | | **Tilr.** | Aðalst. og Snorri | |
| | | | | | | 461C | | | **Tilr.** | Guðm. Halld. | |
| Birki | Þórsmörk | 1/0 fp67 | | Bar | 4539 | 461E+F, 462C, 463D | | | **Tilr.** | Aðalst.og Snorri | |
| | | | | | | 461C | | | **Tilr.** | Guðm. Halldórss | |
| Al. Ösp | Kenai | 1/0 fp35 | | V | 4095 | 462A | | 19-Jun | | | |
| | | | | | 1645 | 426B | | 19-Jun | | | |
| | | | | | 245 | 302D | | | | | |
| | | | | | 1015 | 298B | | | | | |
| Al. Ösp | Pinni | 1/0 fp35 | C-09 | T | 770 | 303D | Einbúi | 19-Jun | | | |
| Al. Ösp | Iðunn | 1/0 fp35 | c-10 | T | 3379 | 425C+D | | | Blandað með Brekku | | |
| | | | | | 1829 | 425A | | 14-Jun | | | |
| | | | | | 1426 | 425E | | 14-Jun | | | |
| Al. Ösp | Laufey | 1/0 fp35 | C-10 | T | 210 | 425A | | 14-Jun | | | |
| | | | | | 70 | 298B | | 16-Jun | Merkt rás | | |
| Al. Ösp | A - 489 | 1/0 fp35 | | T | 70 | 298B | | 16-Jun | Merkt rás | | |
| | | | | | 245 | 425A+C | | | Blanda | | |
| Al. Ösp | Oddný | 1/0 fp35 | | T | 70 | 298B | | 16-Jun | Merkt rás | | |
| | | | | | 105 | 425A+E | | | Blanda | | |
| Al. Ösp | Jóra | 1/0 fp35 | C - 14 | T | 70 | 298B | | 16-Jun | Merkt rás | | |
| | | | | | 455 | 425E | | | Blanda | | |
| Al. Ösp | C 14 / 12 | 1/0 fp 35 | | T | 70 | 298B | | 16-Jun | Merkt rás | | |
| | | | | | 315 | 425A+E | | | Blanda | | |
| Al. Ösp | Brekkan | 1/0 fp35 | | T | 155 | 425C+D | | | Blandað með Iðunni | | |
| | | | | | 124 | 425A | | | | | |
| | | | | | 341 | 425E | | | | | |
| | | | | | 3010 | 355 | | 28-Jun | Suppl. (fyrri pl. ca. dauð) | | |
| Al. Ösp | Tumi | 1/0 fp35 | C -14 | T | 210 | 302D | | 19-Jun | Tvær rásir meðfr. skurði | | |
| Al. Ösp | Væskill | 1/0 fp35 | | T | 175 | 425A | | 14-Jun | Blandað | | |
| | | | | | 70 | 298B | | 16-Jun | Merkt rás | | |
| Al. Ösp | Karl | 1/0 fp35 | | T | 70 | 298B | | 16-Jun | Merkt rás | | |
| Al. Ösp | Súla | 1/0 fp35 | | T | 35 | 425A | | 14-Jun | | | |
| | | | | | 70 | 298B | | 16-Jun | | | |
| Al. Ösp | C 14/11 | 1/0 fp35 | | T | 385 | 425A | | | Blandað | | |
| | | | | | 70 | 289B | | 16-Jun | Merkt Rás | | |
| Al. Ösp | C 14/6 | 1/0 fp35 | | T | 245 | 425A | | 16-Jun | Blandað | | |
| | | | | | 70 | 298B | | 16-Jun | Merkt rás | | |
| Al. Ösp | C 12/12 | 1/0 fp35 | | T | 280 | 425A | | 14-Jun | Blandað | | |
| | | | | | 70 | 298B | | 16-Jun | Merkt rás | | |
| Al. Ösp | Depill | 1/0 fp35 | | T | 630 | 425A | | 14-Jun | Blandað | | |
| | | | | | 70 | 298B | | 16-Jun | Merkt rás | | |
| **Samtals í Mosfelli 1995:** | | | | | **47244** | | | | | | |

## 8. Hirðing gróðursetninga.

**Þjórsárdalur / Haukadalur /Mosfell:** Á næstu síðum eru töflur yfir hirðingu á stöðunum þremur.

# Hirðingarskema Skógrækt Ríkisins Suðurlandi

| Staður | Þjórsárdalur | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reitur | D | Áburður | | Eitrun | | Frásögun | | Fráklipp | | Rásun | | Gróðursetn | | |
| nr | reit | x | dag | x | dag | x | dag | x | dag | x | dag | teg | dag | athugashemdir. |
| 1016 | | Blák | 27.6 | | | | | | | | | Ösp | 26.6 | Ösp Brekkan. Pl í belti í lægðir upp hlíðina. |
| 1924 | | | | | | x | 28.7 | | | | | | | |
| 1925 | | x | 14.6 | | | | | | | | | | | |
| 1927 | a | | | | | | | | | x | 2.8 | | | |
| 1946 | | | | | | | | | | x | 10.7 | Rgr | 14.8 | Rauðgreni Drevja 1040 stk. 880022 |
| 1948 | a | x | 15.6 | | | x | 15.6 | | | | | Rgr | 14.8 | Rauðgreni Drevja 880022 |
| 1948 | b | Blák | 15.6 | | | x | 15.6 | | | | | Rgr | 14.8 | Rauðgreni Drevja 880022 |
| 1950 | | Blák | 26.6 | | | | | | | | | | | |
| 1950 | | | | | | x | 14.7 | | | | | | | |
| 2034 | | x | 14.6 | | | | | x | 14,6 | | | | | |
| 2035 | | | | | | x | 25.7 | | | | | | | |
| 2036 | b | x | 14.6 | | | | | | | | | | | |
| 2036 | | x | 14.6 | | | | | | | | | | | |
| 2037 | | x | 14.6 | | | | | | | | | | | |
| 2047 | b | | | | | x | 27.7 | | | | | | | |
| 2047 | | | | | | x | 26.7 | | | | | | | |
| 2048 | | | | | | x | 27.7 | | | | | | | |
| 2055 | | Blák | 26.6 | | | | | | | | | | | |
| 2055 | | | | | | x | 14.7 | | | | | | | |
| 2074 | b | Blák | 26.6 | | | | | | | | | | | |
| 2153 | | Blák | 26.6 | | | | | | | | | | | |
| 2153 | | | | | | x | 17.7 | | | | | | | |
| 2257 | | | | | | | | | | | | | | Affallatalning: 75% lifandi |
| 2259 | | | | | | | | | | | | | | Afallatalning: 63% lifandi. Epl 96 |
| 2267 | | | | | | | | | | | | | | Affallatalning: 70% lifandi. 57% lifandi pl. eru kalnar |
| 2268 | | Blák | 28.6 | | | | | | | | | | | |
| 2269 | | Blák | 29.6 | | | | | | | | | | | |
| 2270 | | Blák | 28.6 | | | | | | | | TTS | lerki | 26.6 | Lerki Lassima, pl í innri hl. reitsins. |
| 2273 | | | | | | | | | | x | TTS | | | 20.7 Herfað með TTS |
| 2276 | a | Blák | 28.6 | | | | | | | | | lerki | 26.6 | Lerki Lassima pl í innri hl. reitsins. |
| 2277 | | Blák | 28.6 | | | | | | | | | | | þarf ekki að supplera |
| 2285 | a | Blák | 28.6 | | | | | | | | | | | |
| 2286 | | Blák | 28.6 | | | | | | | | | | | Þarf að endurplanta. |
| 2288 | e-h | Blák | 28.6 | | | | | | | | | | | Þarf að suppl. Pl. að mestu dauðar. |
| 2302 | | | | | | | | | | x | 15.6 | Fur | 15.6 | Fura Þ.D. x Skagway. Sáð af Móu. 6 ára gömul |
| 2304 | | | | | | | | | | | | Fur | 15.6 | Stafafura Þ.D.x Skagway. Sáð af Móu 6 ára gömul |
| 2413 | nr.p | Blák | 5.7 | | | | | | | | | | | |
| 2434 | b | | | x | 12.9 | | | | | | | | | Skoðun: 60% af viðilaufi gult og sölnað. 25/9 |
| 2434 | | x | 15.6 | | | | | | | | | | | Blágreni+Rauðgr.+Þinur+Fura. |
| 2450 | a-b | Blák | 5.7 | | | | | | | | | | | |
| 2909 | | | | | | x | 25.7 | | | | | | | Stafafura. Supplera. |
| 2919 | | G7 | 24.6 | | | | | | | | | | | |
| 3113 | | x | 14.6 | | | | | | | | | | | do |
| 3114 | | x | 14.6 | | | | | | | | | | | Blágreni í rjóðri |
| 3117 | | x | 14.6 | | | | | | | | | | | do |
| 3223 | a | x | 14.6 | | | | | | | | | | | Blágreni |
| 3316 | | x | 14.6 | | | | | | | | | | | Blágreni + Þinur |
| 3318 | a | x | 14.6 | | | | | | | | | | | Þinur |
| 3318 | b | x | 14.6 | | | | | | | | | | | Blágreni |
| 3325 | b | Blák | 20.6 | | | | | | | | | | | Lerki |
| 3325 | c | | | | | | | | | | | Ösp | 21.6 | Brekkan í 3-4 hvert skjólbelti. |
| 3325 | | Blák | 20.6 | | | | | | | | | Þin | 20.6 | Þinur Ethel Lake V. 3000 stk. |

# Hirðingarskema Skógrækt Ríkisins Suðurlandi.

**Staður:** Haukadalur **ár:** 1995

| | D | Áburður | | Eitrun | | Frásögun | | Fráklipp | | Rásun | | Gróðursetn | | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| R.nr | reit | X | dag | X | dag | X | dag | X | dag | X | dag | teg | dag | |
| 500 | | | | | | | | | | | | AÖ | 31.7 | Skjólbelti utan girðingar |
| 941 | | | | | | | | | | | | AÖ | 27.6 | Yfir boddýinu |
| 943 | | Blá | 27.6 | | | | | | | | | Blág | 26.6 | STF. AÖ. 25kg |
| 946 | | | | | | | | | | | | AÖ | 26.6 | Í gilið milli 946 og 947 |
| 1025 | | G7 | 29.6 | | | | | | | | | | | 100kg Blágr.kringum Svartagil. |
| 1042 | | G7 | 29.6 | | | | | | | | | | | 300kg |
| 1091 | | Blá | 27.6 | | | | | | | | | Blág | 26.6 | STF. AÖ. 150kg |
| 1092 | | Blá | 27.6 | | | | | | | | | Blág | 27.6 | AÖ 25kg |
| 2041 | | G7 | 29.6 | | | | | | | | | | | 50kg efst |
| 2051 | b | G7 | 29.6 | | | | | | | | | | | 50kg |
| 2062 | | G7 | 29.6 | | | | | | | | | | | 700kg |
| 2071 | | G7 | 29.6 | | | | | | | | | | | 1050kg |
| 2108 | | | | | | X | Sept | | | | | | | R.G '86 |
| 2109 | | | | | | X | Sept | | | | | | | R.G '86 |
| 2140 | | Settur afgangs áburður í rofabörðin nyrst í reitinum. Júlí. | | | | | | | | | | | | |
| 2143 | a | | | | | | | | | | | | | TTS-herfing.Haust |
| 2143 | b | | | | | | | | | | | | | TTS-herfing.Haust |
| 2145 | a | | | | | | | | | | | | | TTS-herfing.Haust |
| 3010 | j,k | Blá | 20.6 | | | | | | | | | | | 50kg |
| 3010 | a-d | Blá | 21.6 | | | | | | | | | | | 50kg |
| 3010 | g,h | Blá | 21.6 | | | | | | | | | | | 25kg |
| 3020 | | Blá | 20.6 | | | | | | | | | | | 50kg |
| 3073 | | Blá | 28.6 | | | | | | | | | rg/bg | 20.6 | 50kg |
| 3079 | | | | X | 24.8 | | | | | | | | | Rondup |
| 3081 | | X | 03.7 | | | | | | | | | | | 100kg |
| 3083 | | Blá | 22.6 | X | 24.8 | X | Okt | | | | | | | 100kg Blákorn. Rondup |
| 4021 | | Blá | 21.6 | | | | | | | | | S.G | 15.8 | Selfoss. 25kg |
| 4024 | | Blá | 21.6 | | | | | | | | | Blá | 15.08 | Suppl. 25kg |
| 4044 | | Blá | 21.6 | | | | | | | | | | | 25kg |
| 4606 | | | | | | | | | | | | A.V | 31.7 | Ýmis kvæmi |
| 6010 | | | | X | 23.8 | | | | | | | | | Rondup |
| 6051 | | Blá | 29.6 | | | | | | | | | Blág | 29.6 | Ýmis kvæmi af birki sett í merktar rásir.Einnig Elri. |
| 6082 | | | | | | X | Ág.sept | | | | | | | R.G '86 |
| 6184 | | | | X | 24.8 | | | | | | | | | 15-20 rásir efst |
| 6290 | | Blá | 17.7 | | | | | | | | | | | 75kg |
| 6401 | | Blá | 17.8 | | | | | | | | | S.G | 17.8 | Selfoss. 15kg |
| 6445 | b | | | pl. 300 RL.sem voru hálf dauðar frá Mógilsá. Settar vítt og dreift BE og ER. | | | | | | | | | | |
| 6450 | sk. 2 | Blá | 23.6 | | | | | | | | | R.L | 23.6 | Ásamt rîggresi á RL. Lassima Annar kassi. |
| 6453 | a,c | X | Júlí | Settur var sandur á þessar tilr.pl. sem eru á vegum Aðalsteins og Snorra S.G Tum.R.L Imatra. Bir.Þórsm. | | | | | | | | | | |
| 6453 | b | X | Júlí | Einnig ríggresi og sandur í þessa tilraun sem LúsaGvendur hafði umsj.með. | | | | | | | | | | |
| 6454 | a | X | Júlí | Einnig var settur sandur á þessar tilraunaplöntur sem eru á vegum Aðalsteins og Snorra | | | | | | | | | | |
| 6454 | a | X | Júlí | Einnig ríggresi og sandur í þessa tilraun sem LúsaGvendur hafði umsj.með. | | | | | | | | | | |
| 7035 | | Blá | Júlí | | | | | | | | | Blá | 31.07 | AÖ. suppl. í greni |
| 7036 | | Blá | Júlí | | | | | | | | | Blá | 31.07 | STF. AÖ suppl.í greni |
| 7037 | | | | | | | | | | | | AÖ | 31.7 | Suppl. í greni |
| 7055 | | Blá | 31.7 | | | | | | | | | STF | 31.7 | 50%móti AÖ |
| 10120 | | | | | | | | | | | | | | TTS-herfing neðst. Haust |
| Laugaheiði | | Laugheiði settur áburður í holur með birki. | | | | | | | | | | AÖ | 14.8 | Niður við Beiná nærri Hvítamel |
| Laugaheiðartá | | | | | | | | | | | | AÖ | 01.8 | |

# Hirðingarskema Skógrækt Ríkisins Suðurlandi.

| Staður: | | Mosfell | | | | | | ár: | 1995 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | D | Áburður | | Eitrun | | Frásögun | | Fráklippi ng | | Rásun | | Gróðurset n | | Athugasemdir |
| R.nr | reit | X | dag | X | da g | X | dag | X | dag | X | da g | teg | dag | |
| 297 | g | | | | | | | | | | | | | TTS-herfing í september |
| 297 | d | X | 14.7 | | | | | | | | | Blág | 13.6 | |
| 297 | e | X | 14.7 | | | | | | | | | Blág | 13.6 | |
| 297 | f | X | 14.7 | | | | | | | | | Blág | 13.6 | |
| 297 | h | X | 13.7 | | | | | | | | | Blág | 13.6 | |
| 297 | i | X | 13.7 | | | | | | | | | Blág | 13.6 | |
| 297 | j | X | 13.7 | | | | | | | | | Blág | 13.6 | |
| 298 | b | X | 19.7 | | | | | | | | | AÖ | Júní | 4 hver rás |
| 300 | a | | | | | | | | | | | | | Markúsarplógur í September |
| 302 | a | X | 28.7 | | | | | | | | | STF | 14.6 | Ásamt ríggresi |
| 302 | d | X | 28.7 | | | | | | | | | AÖ | Júní | 4 hver rás. Sama st. og Tumi fór í 2rás m skurði. |
| 303 | d | X | 19.7 | | | | | | | | | AÖ | 19.6 | Önnur hver rás |
| 355 | | X | 28.7 | | | | | | | | | AÖ | 28.6 | Brekkan suppl. TTS-herfing í september |
| 359 | | | | | | | | | | | | | | TTS-herfing í september |
| 407 | a | | | | | | | | | | | | | TTS-herfing í september |
| 407 | b | | | | | | | | | | | | | TTS-herfing í september |
| 425 | a | X | 16.7 | | | | | | | | | AÖ | 14.6 | Ýmis kvæmi |
| 425 | b | X | 16.7 | | | | | | | | | AÖ | 14.6 | Ýmis kvæmi |
| 425 | c | X | 16.7 | | | | | | | | | AÖ | 14.6 | Blandað með Brekkan |
| 425 | d | X | 16.7 | | | | | | | | | AÖ | 14.6 | Blandað með Brekkan |
| 425 | e | X | 16.7 | | | | | | | | | AÖ | 14.6 | Ýmis kvæmi |
| 426 | a | X | 16.7 | | | | | | | | | AÖ | 19.6 | 4 hver rás |
| 426 | b | X | 19.7 | | | | | | | | | AÖ | 19.6 | 4 hver rás |
| 461 | e | | | | | | | | | | | | | TTS-herfing í september |
| 461 | e | X | 21.7 | Tilr. m Birki Sg.Rl. Áb,Sand v/frostlift.Áætl.gerðu Aðalsteinn /Snorri. | | | | | | | | | | Orðaforði vinnudýraS.r jókst um 50% við verkið! |
| 461 | f | X | 21.7 | Tilr. m Birki Sg.Rl. Áb,Sand v/frostlift.Áætl.gerðu Aðalsteinn /Snorri. | | | | | | | | | | |
| 461 | a | X | 20.7 | | | | | | | | | | | Birki tilraun ´94 Aðalsteinn |
| 461 | b | X | 20.7 | | | | | | | | | | | Birki tilraun ´94 Aðalsteinn |
| 461 | d | X | 20.7 | | | | | | | | | | | Birki tilraun ´94 Aðalsteinn |
| 461 | c | X | 21.7 | Tilraun v/frostliftingar Birki,RL,ríggresi,sandur. Stoð og stytta á skipulagi LúsaGvendur sjálfur. | | | | | | | | | | |
| 461 | f | X | 21.7 | Tilraun v/frostliftingar Birki,RL,ríggresi,sandur. Stoð og stytta á skipulagi LúsaGvendur sjálfur. | | | | | | | | | | |
| 462 | a | | | | | | | | | | | | | TTS-herfing í september |
| 462 | c | X | 21.7 | Tilr. m. Birki SG.RL. Áb,Sand v/frostlift.Áætlun gerðu Aðalsteinn /Snorri. | | | | | | | | | | |
| 463 | d | | 21.7 | Tilr. m. Birki SG.RL. Áb,Sand v/frostlift.Áætlun gerðu Aðalsteinn /Snorri. | | | | | | | | | | |
| 463 | b | X | 20.7 | | | | | | | | | | | Birki tilraun ´94 Aðalsteinn |
| 463 | c | X | 21.7 | | | | | | | | | | | Birki tilraun ´94 Aðalsteinn |

**9. Byggingar, Vélar og Verkfæri.**

**Þjórsárdalur:** Lagaðir 2 gluggar á kofanum "Lóþræl". Fótstykki tveggja glugga var farið að fúna. Skipt um og sett blikk til frekarai vatnsvarnar.

**Haukadalur:** Sett niður WC hús við Laugá. Ætlað fyrir gesti skógarins. Staðsett þar sem göngustígarnir í Haukadalshlíðum hefjast. Vatnslögn var lögð að húsinu og sett niður rotþó. Bekkborð voru sett niður við húsið svo og útigrill til afnota fyrir gesti og gangandi. Á Laugárplan var smíðað lítið skiltahús við upphaf göngustígsins. Allt var þetta smíðað að miklu leyti úr grisjunarviði úr Haukadal.

**Mosfell:** Helsta viðhald var við skemmudyrnar, en þær eru orðnar lasnar og oft þarf að dytta að þeim.

**Vélar og Verkfæri.**

**Dráttarvélar:** Skipt um kúplingu og disk í Þjórsárdalstraktor.

**Vörubílar:**
Benz X8044: Nýr olíutankur. Nýr hjöruliður í framöxli h.megin. kr 150.000
Hino X8317: Að mestu nýtt rafkerfi í stýrishúsi. Notað úr öðrum bíl í okkar eigu.

Á árinu var Mishubishi L 300 bíllinn seldur (Kf o42). Söluverð kr 900.000. Á vordögum fengum við í hendurnar Ford Econoline 11 manna bíl með framdrifi. Keyptur af Hjálparsveit Skáta í Kópavogi. Kaupverð 2.050.000.

**Sagir:** Keypt ein keðjusög Jonsreeds 2055. Kaupverð ca 60.000.

**Dráttarvélar:** Traktorsgrafan glerjuð upp að nýu eftir að skemmdarvargar höfðu stútað öllum rúðum. Kostn um 60.000.

Segja má að vélaútgerðin hafi gengið þokkalega. Engar stórbilanir.

## 10. Fjárhagsyfirlit suðurlandsdeildar 1995.

| Lokauppgjör Se' ss | Staða ársins 1994 | Rauntölur 1995 | Áætlun 1995 | mism 1995 | Áætlun 1996 |
|---|---|---|---|---|---|
| **SAMTALS FJÁRLAGANÚMER** | | | | | |
| **Laun** | 7.110.339 | 7.056.979 | 6.846.739 | 210.240 | |
| **Önnur gjöld** | 9.273.612 | 10.752.924 | 7.854.000 | 2.898.924 | |
| **Eignakaup** | 376.875 | 2.052.400 | 2.300.000 | -247.600 | |
| **Tilfærslur** | | | | | |
| **Rekstrarkostnaður** | 16.760.826 | 19.862.303 | 17.000.739 | 2.861.564 | |
| **Tekjur almennar** | -2.297.475 | -6.987.853 | -3.742.007 | -3.245.846 | |
| **Vörusala** | -2.797.912 | -4.101.543 | -2.750.000 | -1.351.543 | |
| **Vörukaup** | | 582.254 | | 582.254 | |
| **Sértekjur** | -5.095.387 | -10.507.142 | -6.492.007 | -4.015.135 | |
| **Mismunur** | 11.665.439 | 9.355.161 | 10.508.732 | -1.153.571 | |
| **Skeljungur** | | 1.097.287 | | | |
| **Millifærlsur** | | 2.568.385 | | | |
| **Staða bókhalds** | | 13.020.833 | | | |

**Leiðrétta þarf í bókhaldi kaup og sölu bifreiða á að færst á 60810700 viðfang**

# 11. Ýmislegt.

## 11.1: Ferðafólk.

**Tjaldstæði í Þjórsárdal.** Friðrik Þórarinnsson sá um tjald og hjólhýsasvæðin sumarið 1995. Samdist svo um þóknun fyrir þá vinnu að tjaldvörður fengi 20 yfirvinnutíma fyrir helgina, fasta þóknun. Bónus 20% af innkomu var greiddur þegar innkoma fór yfir kr 20.000. Um verslunarmannahelgi voru greiddir 30 yfirvinnutímar til tjaldvarðar og jafn mikið til aðstoðarmanns. Bónus 30% var greiddur tjaldvörðum af innkomu umfram 60.000 kr.

**Gistináttafjöldi: Tjaldstæðið í Þjórsárdal.**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Júní: | 445 | gistinætur íslendinga | og | 5 | gistinætur útlendinga |
| Júlí: | 1507 | - - | - | 16 | - - |
| Ágúst | 378 | - - | - | 0 | - - |
| **Alls** | **2330** | - - | - | **21** | - - |

Langflestar grstinæturnar verða til um helgar, en sáralítið gist í miðri viku.

**Gestir í heimsókn hjá Skógrækt Ríkisins á Suðurlandi.**

27/5 Starfsfólk Verkfræðistofunnar Strengs í Reykjavík í þjórsárdal í óvissuferð. Hjálparsveit skáta í Garðabæ sá um dagskrá fyrir fólkið og setti það til verka við margskonar mannraunir víðsvegar í skóginum og dalnum.

18/6. Kvennahlaup í Haukadal.
23/6. Skógarbændur á Suðurlandi í göngu og grillferð í Haukadal.
27/6. Norrænir búnaðarráðunautar koma við í Mosfelli; skoða framræslu. Boðið upp á kaffi og kex í Mosfellshúsi.
7/7. 15 manns frá Sjálfboðaliðasamtökunum í sjálfboðavinnu við lagningu göngustígs í Svartagili og Svartagilshvammi í Haukadal. Greiðsla til þeirra: frítt fæði og húsnæði.
16/7. HSK Geysishlaupið í Haukadal. (þetta hét áður Bláskógaskokkið).
27/7. Guðm. Þorsteinsson frá Hrepp í Borg. mætir með 12 norðmenn frá Haugasundi. Göngutúr.
29/7. Opinn dagur í Haukadal. Göngustígar og tilheyrandi mannvirki opnuð fyrir almenningi. Mæting: ca 500 manns.
2/8. Hluti "Gróðurbótafélagsins" í heimsókn og skoðunarferð: Jóhann Pálsson,
Þorsteinn Tomasson og Vilhjálmur Lúðvíksson og þeirra frúr.
30/8. Aðalfundarfulltrúar Skf. Borgarfjarðar á leið á fund á Egilstöðum koma við í Haukadal. Kaffi- göngutúr.
9/9. Starfsfólk Toyota í Haukadal. Ratleikur, göngutúr, snarl. Hjálparsv.skáta í Kópavogi sá um móttökurnar og dagskrána.
30/9. Lionsklúbbur á ferð. 40 manns.

30/9. Heimsókn starfsfólks Skógræktar Ríkisins frá Vöglum, Hallormstað, Tumastöðum og fleyri stöðum. Gist í Þjórsárdal 2 nætur.
7/10. Bæjarstjórn og bæjarráð Selfossbæjar í heimsókn í Haukadal. Kaffi-göngutúr-saga staðarins. 20 manns.

Mjög mikill straumur fólks var í Haukadal, sérstaklega um helgar. Einstaklingar, fjölskyldur og einnig er farið að bera á að ferðaskrifstofur noti staðinn sem stoppistöð fyrir hópa á ferð um suðurland.

Lokið var við á árinu fyrsta áfanga göngustígakerfis í Haukadalshlíðum. Skeljungur H/F styrkti verkið og eru kostnaðartölur sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Efni vegna WC húss, rotþróar og skiltaskýlis | | kr. 430.952 |
| 2. Vinna eigin manna 1084 klst. | | kr. 853.335 |
| 3. Annað (aðkeypt vélavinna við gröft og ofaníburð) | | kr 113.000 |
| | Samtals: | kr **1.397.287** |

* Aftast í skýrslu þessarri fylgir greinargerð um Skeljungsverkefnið í Haukadal.

## 11.2. Ferðalög starfsmanna.

27/3. BG kennsla . Keðjusagarnámskeið í Hvammi í Skorradal fyrir starfsmenn Skógrætar Ríkisins.
5/4. Keðjusagarnámskeið að Elliðavatni fyrir starfsmenn Skf. Rvk og Hafnarfj.
20/5 Friðrik og Björgvin stafra við viðarsýningu í Perlunni.
26-30/6 Friðrik og Bergur við grisjun í Holtsdal.
9/9. Skagás í Villingaholtshreppi. Skoðum lands vegna hugsanlegrar stækkunar. Skógrfél. Villingaholtshrepps. BG.
15/9. Þjórsárdalsnefndarfundur. BG
25/9. Deildarstjórafundur Sk.Ríkisins Egilstöðum BG.
21/10.Fyrirlestur um jarðvinnslu og undirbúning lands undir gróðursetningu. Fyrir skógarbændur á Suðurlandi. Námskeið á Garðyrkjuskóla Hverag.
28/10. Námskeið fyrir nemendur Garðyrkjuskóla í skógarhöggstækni og meðferð keðjusaga. 3 námskeið.

Skógarvörður kom í flest skóglendi Skógræktar Ríkisins á árinu til skoðunnar og eftirlits.

Selfossi 7/2 1995

Böðvar Guðmundsson skógarvörður.

Viðauki I.

# Skógardagur

í Haukadalsskógi, laugard. 29. júlí kl.13.3o- 17.oo.

## Dagskrá

Kl. 13.30. Útivistarsvæðið opnað við Laugá.

Kl. 13.45 og 15.30.
Stuttar fræðsluferðir. Farið verður um Svartagil og Svartagilshvamm undir leiðsögn Böðvars Guðmundssonar skógarvarðar.

Kl. 14.30. Skógarganga. (Tekur um 1- 1 1/2 klst).
Leiðsögumaður er Björgvin Eggertsson verkstjóri. Gengið verður um Svartagil, Svartagilshvamm og Kolabrekkur og komið til baka niður Laugárveginn.

Í Svartagilshvamminum mun Arnór Karlsson rifja upp fornar sögur úr Haukadal og Ingólfur Guðnason lýsa fuglalífinu í skóginum.

Kl. 14.00 og 15.45. Ævintýraferð fyrir börn.
Farið verður frá upplýsingaskýlinu undir stjórn Kristínar Ólafsdóttur fóstru og aðstoðarfólks, þar sem heilsað verður upp á tréálfinn, sungið, fræðst og leikið sér.

Rúna Gísladóttir listmálari verður að störfum í skóginum.

Við áningaraðstöðuna á Miðhlíðarholti.

* Sýning á skógarverkfærum, viðarvinnslu og viðarafurðum.
* Veltibíllinn frá Ökuleikni.
* Veitingar, grillpylsur frá SS, Ockar- sveppasúpa, El Marino-ketilkaffi, Pepsí og Frónkex.

Haukadalskirkja verður opin almenningi á skógardaginn.

Hestaleigan á Kjóastöðum verður við Haukadalskirkju. Boðið verður uppá hestaferðir á klukkutíma fresti á vægu verði.

Hótel Geysir býður þátttakendum í skógardeginum ókeypis aðgang að sundlauginni gegn framvísun sérstaks miða sem fæst hjá starfsmanni Skógræktarinnar við bílastæðið í Haukadalsskógi.

Góða skemmtun,

Skógræktin og Skeljungur

# Gönguleiðir




(1) Rauð gönguleið 1 km

(2) Fjólublá gönguleið 2,5 km

# Skógardagur í Haukadalsskógi

**Selfossi.** SKÓGARDAGUR verður í Haukadalsskógi laugardaginn 29. júlí klukkan 13.00–17.00 í tilefni af því að þann dag verður skógurinn formlega opnaður almenningi og um leið tekinn í notkun nýr áningarstaður. Skógardagurinn er á vegum Skógræktar ríkisins og Skeljungs.

### Göngu- og ævintýraferðir í skóginum

Á skógardeginum verður fjölbreytt dagskrá fyrir börn og fullorðna. Gönguferðir verða undir leiðsögn Böðvars Guðmundssonar skógarvarðar og Björgvins Eggertssonar verkstjóra þar sem rakin verður saga skógræktarinnar í Haukadal. Saga Haukadals verður sögð og fuglalífi í skóginum lýst. Farnar verða ævintýraferðir með börnum þar sem heilsað verður upp á skógarálfana. Sýning verður á skógarvinnu og vinnslu og Skógræktin og Skeljungur bjóða upp á veitingar.

Með verulegum umbótum hefur Haukadalsskógur verið gerður aðgengilegur fyrir útivistarfólk og



Morgunblaðið/Sig. Jóns.

**BÖÐVAR Guðmundsson og Björgvin Eggertsson vinna við uppsetningu upplýsingaskiltis. Með þeim á myndinni er Eiríkur Rafael sem fylgdist með vinnunni.**

ferðamenn. Göngustígar hafa verið lagðir og komið fyrir merkingum og skiltum þar sem finna má ýmsan fróðleik. Nýi áningarstaðurinn hefur verið útbúinn með bekkjum og borðum og grillaðstöðu. Mest af efninu sem notað var við smíðarnar er unnið úr grisjunarviði úr skóginum.

### Skógræktarstarf frá 1943

Haukadalsskógur er í landi Haukadals hins forna og sögufræga höfuðbóls. Þar bjó meðal annarra Teitur Ísleifsson ættfaðir Haukdæla. Haukadalur var víða skógi vaxinn en uppblástur herjaði svo á land þar að horfur voru á því á fjórða áratug þessarar aldar að landið færi í auðn. Danskur auðmaður, Kristian Kirk, keypti jörðina árið 1938 með það fyrir augum að græða hana upp og vernda fyrir uppblæstri. Hann girti jörðina og fékk Skógrækt ríkisins í lið með sér við uppgræðsluna. Kirk lést 1940 en áður en hann dó gaf hann Skógrækt ríkisins jörðina með öllum mannvirkjum.

Frá 1943 hefur verið unnið markvisst að skógrækt í Haukadal. Á 1600 hektara svæði Skógræktarinnar eru 1350 hektarar girtir af. Í skóginum eru 30 tegundir skógarplantna, mest sitkagreni og rauðgreni. Stærsta tré skógarins er 16 metra hátt og er það í Svartagilshvammi. Með þeirri aðstöðu sem nú hefur verið komið upp á almenningur greiða leið að fögrum lundum Haukadalsskógar.

20/9 95

# Skilagrein

vegna Skeljungsverkefnisins 1995

Deild Skógrækt Ríkisins Suðurlandi.

**OPNUN SKÓGANNA 1995**

Verkefni Göngustígar og WC-hús í Haukadal

Kostnaður:

Efni/ v/WC húss og skiltaskýlis kr. 430 952

Vinna/ 1.084 klst. kr. 853.335

Annað/ Grafa + vörubíll aðkeypt. kr. 113.000

Samtals kr. 1.397.287

**SKÓGARDAGUR 1995**

Efni/ kr.

Vinna/ kr.

Aðkeypt vinna/ kr.

Kynning/ kr.

Annað/ kr.

Samtals kr.

Hlutur deildar í kostnaði við skógardag kr.

**FRÆÐSLA/KYNNING**

Námskeið kr.

Annað kr.

Ds. 20 / 9 1995

[signature]

undirskrift

Selfossi 20/9 1995

Ólafur Oddson
Mógilsá
270 Mosfellsbær

Uppgjör Skeljungsverkefnis 1995
Lok göngustíga í Haukadal og
bygging salernishúss á sama stað

Við lok verkefnisins þykir mér rétt að gera litla grein fyrir gangi verka við þetta verkefni, sem fólk virðist vera mjög ánægt með, og við höfum fengið hrós fyrir.

Verkið hófst 1994 með hönnun skilta og framleiðslu þeirra, eftir ákvörðunartöku um hvar í Haukadal göngustígar skyldu liggja.
Fyrirmyndina að skiltunum sóttum við í hugmyndir Ingva Þórs Loftsonar, en hann hafði gert tillögur að skiltum nokkrum árum áður til Sig. Blöndals, og reyndar var búið að framleiða og setja upp nokkur slík "staðarskilti" á fáeinum stöðvum Skógræktar Ríkisins. Inn í þessar hugmyndir Ingva var blandað skiltagerð "Countryside Commission for Scotland". Undirritaður gerði tillögur að hinum ýmsu formum að skiltastöndum, leiða og örnefnamerkingum, upplýsingapóstum, skiltaskýlum og leiðarstikum. Þessar tillögur voru samþykktar lítið breyttar og voru gefnar út í handritsformi undir heitinu **Skilti og merkingar. Skógrækt Ríkisins 1994 (Böðvar samlede værket).**

Mestur hluti örnefnamerkinga og leiðamerkinga ásamt upplýsingapóstum, var sett niður í Haukadal sumarið 1994. Einnig var byrjað á að gera tröppur í Svartagili og Svartagilshvammi, sem endanlega voru kláraðar 1995. Brú var gerð á læk austarlega á stígnum svo og ræsi á annan læk skammt frá. Hluti stígsins var flísalagður, svo að heita mátti að hann væri vel fær gangandi fólki.

Framkvæmdir 1995. Ákveðið hafði verið, eftir reynslu fyrsta sumarsins, að byggja salernishús við upphaf göngustígsins. Það var byggt á Selfossi og sáu Björgvin Eggertsson og Friðrik Þórarinsson að mestu um það. Húsið er byggt eftir heimagerðri teikningu B.G. og er grind þess og þak úr innfluttu timbri og plasti, en klæðning þess öll úr íslensku sitkagreni, sem höggvið var í Haukadal haustið 1994, og flett í febrúar 1995 í sagverki S.R. á Selfossi. Er launakostnaður við flettinguna inni í kostnaðartölum verkefnisins, en ekki var reiknað verð á timbrið að öðru leiti. Húsið var lánað um tíma til Votta Jehóva, er stóðu í byggingu "Ríkissalar" á Selfossi um þetta leyti. Leigu fyrir húsið greiddu þeir með vinnuframlagi við frágang þess. - WC-húsið var svo flutt upp í Haukadal í

júlí og sett þar niður skammt frá Laugu, þar sem upphaf göngustiganna er. Við húsið var búið til malarplan og þar komið fyrir borðbekkjum ásamt grilli. Vatn var leitt að húsinu úr hlíðinni fyrir ofan.

Bílaplanið var útbúið og lítið skiltaskýli úr íslenskum viði sett upp á planið. Daði Björnsson teiknaði kort af gönguleiðum og er það staðsett í skýlinu við upphaf gönguleiða. Kort þetta þyrfti að betrumbæta. Einnig á eftir að búa til lítinn bækling sem getur um sögu staðarins og skógræktarinnar ásamt því að vera leiðarkort þeirra sem um stígana fara.

Þessu var öllu lokið fyrir 29 júlí 1995, er haldinn var "opinn dagur" í Haukadal. Þangað mættu um 200 manns og tókst dagurinn ágætlega, enda veður hagstætt.

Kostnaðurinn er orðinn all mikill við verkefnið eða alls 1995 kr 1.397.287. Er það nokkru meira en áætlun hljóðaði upp á. Ekki var þó reiknaður kostnaður eigin véla og bíla við verkefnið. Segja má að óþarflega margir yfirvinnutímar hafi verið unnir, en þeir urðu 234 en dagvinnutímar 790. En þetta er íslenskur siður að vinna verkin á síðustu stund, enda var unnið langt fram á nótt daginn fyrir opna daginn.

Læt þetta duga um verkefnið og kostnað við það og sendi þér skilagreinina þó ég hafi ekki skilgreint kostnað við skógardaginn sérstaklega.

kveðjur

Böðvar.

e225.

# Skeljungsveiðiferðir Hauksdal 1995.

| | Tortvík | Bjargvin | Aðrir. |
|---|---|---|---|
| 11/2 – 24/2 | 44, – 4,5 | 48 – 4,5. | |
| 25/3 – 07/4 | 30 – 0 | 28 – 3. | |
| 8/4 – 21/4 | 36 – 4. | 38 – 5 | |
| 22/4 – 5/5 | 58 – 7 | 51 – 6 | |
| 2/5 – 12/5 | | | 27 – 3. |
| 6/5 – 19/5 – | 71 – 8 | 46 – 5 | |
| 13/5 – 26/5 | | | 8 – 1 |
| 20/5 – 2/6 | 4 – 1 | 7 – 1 | 6 – 0 |
| 10/6 – 23/6 | | | 4 – 1 + 2 – 1 |
| 17/6 – 30/6 | 18 – 2. | 7 – 2. | |
| 24/6 – 07/7 | | | 24 – 2 |
| 1/7 – 14/7 | 27 – 3 | 72 – 35 | 4 – 0 |
| 15/7 – 28/7. | | 66 – 30. | 9 – 1 8 |
| 22/7 – 4/8. | ~~0 – 20~~ | | 16 – 0 |
| | | | 16 – 2 |
| | | | 16 – 17 |
| | | | 0 – 10 |
| | | | 0 – 19 VE |
| 29/7 – 11/8 | 0 – 20 | 4 – 27. | ~~0 – 20~~ FP. |
| | 288 – 49,5 | 364 – 120,5 | 138 – 64. |

## Síming Reykjavík í Húsdýragarði.

0 – 190 × 1333 = 13333 7 – 10.
BG. 50 – 10    50 × 877 = 43.850
Fp 288 – 49,5    652 × 708 = 461.616.
BE 364 – 120,5    170 × 1228 = 208.760
Aðrir. 138. – 64.    138 × 520. = 71.760
64 × 844 = 54.016

kkst. 1.084.    kr 853.335.

Meðaltal. 787 pr kkst.

VIÐAUKI III

GARÐYRKJUSKÓLI RÍKISINS
REYKJUM — ÖLFUSI

Reykjum, Ölfusi, 26. september 1995.

Ágæti skógarbóndi!

Garðyrkjuskóli ríkisins hefur í samvinnu við Félag skógarbænda á Suðurlandi skipulagt **námskeið í skógrækt laugardaginn 21. október n.k.** Námskeiðið verður haldið á Garðyrkjuskóla ríkisins, og hefst **kl. 9:45**. Verð fyrir námskeiðið hefur verið ákveðið **kr. 1500**, innifalið er námskeiðsgjald, hádegismatur og síðdegiskaffi.

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 09:45 | Mæting á Garðyrkjuskóla ríkisins og námskeiðsgjald greitt |
| 10:10 | Setning: Heiðrún Guðmundsdóttir, endurmenntunarstjóri |
| 10:15 | Undirbúningur ræktunarlands. Böðvar Guðmundsson, skógarvörður. |
| 10:55 | Hlé |
| 11:10 | Undirbúningur ræktunarlands frh. |
| 12:00 | Hádegisverðarhlé |
| 13:00 | Áætlanagerð í skógrækt Björn Bjarndal Jónsson, skógræktarráðunautur |
| 13:40 | Hlé |
| 13:50 | Áætlanagerð í skógrækt frh. |
| 14:35 | Umræður |
| 15:15 | Kaffihlé |
| 16:00 | Námskeiðslok |

Þátttaka á námskeiðið tilkynnist á skrifstofu Garðyrkjuskóla ríkisins, í **síma 483-4340** á skrifstofutíma, kl. 8:00 til 16:00 fyrir miðvikudaginn 18. október n.k.

Með von um góðar undirtektir,
f.h. Garðyrkjuskóla ríkisins,

Heiðrún Guðmundsdóttir

Heiðrún Guðmundsdóttir
endurmenntunarstjóri.